

74. fundur skráningarráðs haldinn 11. desember 2013 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 9-12

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir og Sigrún Marelsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis.

1. Fundargerð síðasta fundar. Farið var yfir fundargerðina og hún samþykkt. Sigrún Marelsdóttir skýrði frá því að hún og Hallfríður Kristjánsdóttir frá Landsbókasafni hefðu haft fund með fulltrúum frá Menntavísindasviði HÍ og Skólasafnamiðstöð til að ræða skráningu á námsefnispökkum sem rætt var um á síðasta fundi og hefðu allir verið sammála um að skrá þurfi hverja einingu fyrir sig. Sett verða inn dæmi í Handbók skrásetjara varðandi þetta.

2. Birting ritraða á leitir.is. Rósa ræddi um fyrirsögnina Skyldir titlar á ritröðum í Leitir.is og tók dæmi af skýrslum Orkustofnunar:

Leitað að t.d. OS-99014

Í Gegni: Ritröð: Orkustofnun, Auðlindadeild ; OS-99014

Í Leitir birtist: Skyldir titlar: Orkustofnun, Auðlindadeild ; OS-99014

Skoða hvernig hægt er að betrubæta á Leitir.is

3. ISBN, ib. ób. Rætt var um hvort tilgreina ætti hvort rit væru innbundin eða óbundin aftan við ISBN númerið í sviði 020 og var niðurstaðan sú að það væri óþarfi nema rit kæmi bæði út innbundið og óinnbundið.

4. RDA færslur. Kerfið sendir villuboð fyrir svið 336, 337, 338 og svið 264, en þessi svið mega hanga inni þótt ekki sé heimilað í kerfinu að nota þau. Sigrún Hauksdóttir skýrði frá því að nýr þjónustupakki sé væntanlegur. Eftir það verði þessar óréttmætu meldingar lagaðar. Ný útgáfa (nr. 22) verður sett upp á næsta ári og indexerað í lok sumars. Mikil kerfisvinna er fram undan. Einnig þarf að athuga hvort ekki sé nauðsynlegt að bæta inn formgreiningu í svið 245 í RDA færslum fyrir rafrænt efni. Eins og er birtist greiningin í 33X (sjá t.d. færslu nr. 1326797 svið 33X). Spurning hvað má bíða eftir indexeringu.

5. Langar færslur. Rætt var um langar færslur í Gegni, dæmi færsla nr. 1322470 sem er skráning á tónlistarefni. Nákvæm skráning fyrir tónlistarefnið er nauðsynleg en hinsvegar er ekki greiniskráð nema á Landsbókasafni. Þar er verið að vinna að stafrænu hljóðritasafni og þar er greiniskráning nauðsynleg. Erlent tónlistarefni er þó ekki skráð eins nákvæmlega og íslenskt efni.

6. **Tvískráningar.** Alltaf er eitthvað um tvískráningar í Gegni og má sem dæmi nefna skráninguna á Árbók Ferðafélags Íslands og Íslenskum fornritum. Þóra sagði að kannski yrði ekki hjá því komist að eitthvað væri tvískráð. Hún nefndi sem dæmi 1005 tímaritröð sem kom út núna nýverið. Þetta er ritröð með ISSN númeri og eru 3 rit í öskju komin út og er hvert rit með sitt ISBN númer. Eitt ritið er skáldsaga, annað ljóð og það þriðja flokkast í argentínska bókmenntasögu. Landsbókasafn valdi að skrá hvert rit fyrir sig og greina ritröðina í 4901 og 830, en Þóra var á því að það hefði átt að gera eina færslu fyrir ritröðina og síðan að greiniskrá hvert rit fyrir sig.
7. **RDA reglurnar.** Nú líður að því að nýtt bókasafnskerfi verði innleitt og skráningarreglum breytt. Æskilegt er að sem fyrst verði myndaður vinnuhópur til að vinna að þýðingu á meginhugtökum RDA. Stungið var upp á Hildi, Dögg og Röggu til að vinna að þýðingum. Það þarf að skoða RDA vefinn og lesa sér til og miðla upplýsingum. Ákveða þarf hverju nákvæmlega á að breyta.
8. **Önnur mál.** Hildur ræddi um skráningu á nótum. Landsbókasafn sér um að útdeila ISMN númerum. Það er breyting síðan skjal um nótnaskráningu var samþykkt. Hildur mun endurskoða skjalið og koma því í Handbók skrásetjara.

Rætt var um skráningu á rafbókum og hvort eigi að skrá þær sérstaklega. Stundum er kyndill tengdur við færslu fyrir prentaða bók. Íslenskar rafbækur verða skráðar í Rafhlöðuna. Library of Congress virðist ekki hafa skráð rafbækur sérstaklega. Endurskoða þarf 856 skjalið um rafrænan aðgang ef ákveðið verður að gera sérstaka færslu fyrir rafbækur.

Áslaug var með fyrirspurn í sambandi við færsluveiðar frá Þýska þjóðbókasafninu. Sigrún Hauks ætlar að sinna þessu.

Sveinbjörg Sveinsdóttir kom á fundinn með fréttir frá Þýska þjóðbókasafninu. Þar er stefnt á innleiðingu RDA fyrir árslok 2015. Búið er að stofna vinnuhópa til að þýða og vinna að notkunarreglum fyrir þýskumælandi lönd. Unnið er að því að útbúa notkunardæmi sem nýtast munu við kennslu og miðlun. Setja þarf reglur um lágmarksskráningu og gera prófanir. Einnig er vinna í gangi í sambandi við nafnmyndaskráningu. Stefnt er á samvinnu með kerfisframleiðendum og umræðu um hvernig kerfið verður þróað. Einnig er áætlað að verða með kennslupakka og að kynna grundvallaratriði í sambandi við RDA og nafnmyndaskráningu. Í þýskumælandi löndum er stefnt að samvinnu bókasafna- minja- og skjalasafna vegna innleiðingar RDA. Rætt er um að koma á hið minnsta samræmdri RDA lágmarksskráningu fyrir minja- og skjalasöfn enda hafi RDA beinlínis verið þróað með slíkt í huga. Haldið verður áfram að þróa MARC sniðið. Í sambandi við BIBFRAME er unnið að því að staðla orðalag og að því að gera dæmi sem munu birtast nú á næstunni. Samþykkt hefur verið að nota megi ISSN númer fyrir blogg sem uppfylla tiltekin lágmarks skilyrði.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 12 og næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 12. febrúar 2014.